

IV/20.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi		Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík - þriðjudaginn 4. mars 2003. Klukkan 10:00.			
Sakarefni: Auðgunarbrot, brot á lögum um bókhald, brot á lögum um hlutafélög			
Vitni: Þorgeir Baldursson		Kennitala: 250942-4789	
Starf/staða: Prentsmiðjustjóri hjá Odda og stjórnarmaður í Baugi-Group hf		Vinnusími: 515-5000 / 893-6200	
Lögheimili: Stórhjalli 5, Kópavogi		Sími:	
Dvalarstaður:		Sími:	
Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.			

Þorgeir er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar ætluð brot forsvarsmanna Baugs-Group hf. Þorgeiri er jafnframt kunnugt um opinbera rannsókn á ætluðum brotum stjórnenda Baugs Group hf. (hér eftir ritað BG hf.) í framhaldi af kæru Jóns Geralds Sullenberger en í þágu þeirrar rannsóknar hafa ýmis erindi verið send frá efnahagsbrotadeild RLS til stjórnar og lögmans BG hf. Þorgeiri er kynnt að fyrir liggja rökstuddur grunur um að stjórnendur BG hf. a.m.k. þeir Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi gerst brotlegir við XXVI. kafla almennra hegningarlaga, bókhaldslaga og laga um hlutafélög í tengslum við viðskipti við félögin Nordica Inc og New Viking Inc. í Florida., sem og eiganda þeirra, Jón Gerald Sullenberger.

Þorgeir er spurður hvort hann sé tilbúinn að gefa vitnaskýrslu hér hjá lögreglu varðandi ofanskráð.

Þorgeir kveðst reiðubúinn að tjá sig um málið.

Þorgeiri er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli.

Þorgeir kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði.

Stjórn Baugs Group hf.

Fyrir Þorgeir er lagt skjal II/16.1 sem er samantekt RLS varðandi stjórnarmenn Baugs Group hf. ásamt tilvísuðum gögnum frá Hlutafélagaskrá. Þorgeir er spurður hvort upplýsingar um stjórnarsetu hans séu réttar á samantektinni.

Þorgeir segir samantektina gefa rétta mynd af stjórnarsetu hans hjá Baugi Group hf. Hann hafi verið í aðalstjórn frá stofnun félagsins.

Tekjufærslur í bókhaldi Baugs Group hf á kreditreikningum frá Nordica Inc og SMS í Færejum:

Þorgeir er spurður hvort hann þekki til vöruviðskipta Nordica Inc við BG hf. eða undirfyrirtæki félagsins og ef svo er beðinn að gera grein fyrir því hvaða upplýsingar hann hafði um þau viðskipti.

Þorgeir kveðst þekkja mjög lítið til vöruviðskipta Baugs Group eða undirfyrirtækja þess við Nordica Inc.

05918

þh

Þorgeir er spurður hvort stjórn BG hf. hafi haft viteskju um önnur viðskipti en vöruviðskipti Nordica Inc við BG hf. eða undirfyrirtæki þess og þá beðinn að gera grein fyrir hvaða upplýsingar stjórnin hafði um þau viðskipti.

Þorgeir segir stjórnina ekki hafa fylgst sérstaklega vöruviðskiptum félagsins við birgja eða viðskiptamenn. Því síður hafi stjórnin haft vitneskju um önnur viðskipti en vöruviðskipti. Enda tekur Þorgeir það fram að engar slíkar umfjallanir komi fram í bókum stjórnar.

Þorgeir er spurður hvort stjórn Baugs Group hf. hafi á einhvern hátt fjallað um ofangreind viðskipti Nordica Inc við BG hf. og þá hvernig.

Þorgeir segir stjórn Baugs Group ekki hafa fjallað neitt um viðskipti félagsins við Nordica fyrr en að opinber rannsókn hófst varðandi þau viðskipti. Fyrir þann tíma hafi almennt ekkert verið fjallað um þau viðskipti.

Þorgeir vill þó taka það fram að hann hafi vitað af viðskiptum Baugs-Group við erlenda birgja í Bandaríkjunum. Hann hafi vitað að það viðskiptasamband náði nokkuð langt aftur í tímann, allt frá því Bónus var rekið sem sjálfstætt fyrirtæki. Þorgeir kveðst hins vegar ekkert hafa sett sig inn í þau viðskipti sérstaklega, en vitað að þau hefðu dregist saman eftir að gerð var krafa um nánari innihaldsmerkingar á vörum sem seldar eru á EES svæðinu.

Þorgeiri er sýnt ljósrit af kreditreikningi að fjárhæð 589.890 USD sem skv. fskj I00743 var færður til gjalda í einni færslu að fjárhæð kr. 108.594.000 ásamt kredityfirlýsingu frá SMS í Færeyjum að fjárhæð DKK 3.900.000 – sbr. málsskjöl II/8.1.1 og 8.2. Þann 30.10. 2001 var gjaldfærslan leiðrétt og fjárhæðin færð til tekna á “Tekjur utan samstæðu” og “Biðreikning”. Þann 31.12. 2001 voru kr. 60.000.000 bakfærðar með skýringu á færsluskjali að kreditreikningurinn frá SMS sé bakfærður.

Þorgeir er spurður hvort um þessa kreditreikninga eða þau viðskipti sem að baki þeim eru, hafi einhvern tímann verið fjallað af stjórn.

Þorgeir segir ekkert hafa verið fjallað um þessa kreditreikninga af stjórn félagsins, né neitt varðandi þau viðskipti sem að baki þeim eru. Hann tekur það fram að stjórnin hafi fengið í hendur mánaðaleg heildaruppgjör varðandi afkomu og stöðu félagsins, en ekki einstaka reikninga – hvorki debet né kreditreikninga.

Þorgeir er spurður hvort honum sé kunnugt um þau viðskipti eða samninga sem að baki þessum kreditreikningum liggja.

Þorgeir kveðst ekki vita um þau á nokkurn hátt og aldrei verið upplýstur um þau, fyrr en opinber rannsókn hófst.

Þorgeir er spurður hvort stjórn BG hf hafi fjallað um áætlun eða sett sér markmið varðandi afkomu fyrstu 6 mánaða ársins 2001, svo og hvort fjallað hafi verið um niðurstöður hálfársuppgjörs ársins 2001.

Þorgeir segir að gerð sé rekstraráætlun á hverju ári fyrir komandi ár. Það hafi einnig verið gert fyrir árið 2001. Þorgeir kveðst nú ekki muna svo glögg eftir þessu tímabili til að geta sagt til um hver markmiðin hafi verið á þeim tíma. Hann segir rekstraráætlanir frá þessum tíma eiga að vera til sem og uppgjörin. Hann segir stjórnina fjalla um niðurstöður hálfársuppgjörs á hverjum tíma en kveðst ekki muna það vel eftir niðurstöðum þessa 6 mánaða uppgjörs ársins 2001 til að geta skýrt frá þeim við þessa skýrslutöku.

Þorgeir er spurður hvort í stjórn BG hf hafi átt sér stað umræða eða umfjöllun á einhvern hátt, í kring um árshlutareikning 2001, í þá veru að niðurstaða árshlutareikings væri betri eða verri en áætlanir samstæðunnar gerðu ráð fyrir.

Þorgeir kveðst ekki geta rifjað það upp, til þess að geta grein frá því með góðu móti. Þetta árshlutauppgjör hafi ekki verið það minnisstætt að það stæði upp úr og því muni hann ekki sérstaklega eftir þeirri umfjöllun sem átti sér stað á sínum tíma.

Þorgeiri er tjáð að starfsmenn efnahagsbrotadeildar hafi rannsakað bókhald Nordica Inc og SMS í Færeyjum, svo og verið í sambandi við endurskoðendur beggja þessara erlendu félaga. Hvorugur þessara kreditreikninga séu færðir í bókhaldi félaganna. Teknar hafi verið skýrslur af forráðamönnum þeirra og í báðum tilfellum hafi þeir jatað að hafa skv. beiðni Tryggva Jónssonar útbúið þessi skjöl án þess að nokkur viðskipti væru á bak við þau, skölin væru með öllu tilhæfulaus. Þorgeiri er einnig tjáð að þessi skjöl hafi ekki verið á meðal fylgiskjala í bókhaldi BG hf. heldur hafi bókarar bókað færslurnar skv. færsluskjölum endurskoðanda við lokafærslugerð við 6 mánaða uppgjör annars vegar og við lokafærslugerð 12 mánaða uppgjör ársins 2001, hins vegar. Þorgeiri er einnig tjáð að endurskoðandi BG hf., Stefán Hilmarsson, hafi við yfirheyrslu greint rannsóknurum frá því að áhrif tekjufærslunnar að fjárhæð kr. 108.594.000 hafi bætti afkomu félagsins um 20% í hálfársuppgjöri 2001 en það sé mjög nálægt niðurstöðu endurskoðanda RLS.

Þorgeir er spurður hvort hann, eða stjórn, hafi á einhvern hátt komið að þessu máli og þá hvernig.

Þorgeir segir fyrir sína parta ekki hafa komið að þessu á nokkurn hátt og kveðst ekki hafa haft minnstu hugmynd um það að verið væri að reyna að bæta afkomuna með þessum hætti, ef rétt reynist að um tilhæfulausa reikninga sé að ræða. Hann tekur það fram að það hafi ekki hvarflað að honum, með Tryggva Jónsson, löggiltan endurskoðanda sem einn af stjórnendum félagsins, að teknar væru slíkar ákvarðanir innan félagsins að bókfæra tilhæfulausa reikninga. Þorgeir kveðst hafa borið fullt traust til þessara manna og ekki haft neina ástæðu til að ætla annað.

Þorgeiri er tjáð að lagt hafi verið hald á tölvu Tryggva Jónssonar í starfsstöð hans í Baugi en einnig á ýmis skjöl sem vistuð voru á heimasvæði hans og annarra á netþjóni Baugs. Honum er kynnt samantekt rannsóknara, samtals 12 bls., á ýmsum tölvupóstum sem varpa ljósi á þau viðskipti sem honum hafi hér verið kynnt varðandi kreditreikningana og hann hefur verið spurður um – skjal málsins II/28.1. Þeir tölvupóstar og þau skjöl sem vísað er til liggja frammi.

Þorgeir er beðinn um að gera grein fyrir þeim upplýsingum eða skýringum sem hann kann að hafa varðandi þessi skjöl.

Þorgeir kveðst ekki hafa neinar skýringar á þessum skjölum. Hann kveðst ekki hafa vitað af neinum vandamálum varðandi þessi viðskipti og segir stjórninni ekki hafa verið blandað inn í þessi mál. Því viti hann í raun ekkert um þessi viðskipti.

Greiðslur Baugs Group hf á reikningum frá Nordica Inc og tengsl BG hf við viðskipti með bát á Flórída:

Þorgeir er spurður hvort hann viti til þess að Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson eigi bát í Flórída.

Þorgeir kveðst hafa verið búinn að heyra heilmiklar kjaftasögur um það að þeir feðgar ættu bát á Flórída. Hann kveðst ekki muna nákvæmlega hvernær hann hafi heyrt af þessu fyrst, en allar sögurnar lutu að því að þeir feðgar ættu bát á Flórída. Þorgeir kveðst aldrei hafa gert neitt meira úr þessum sögum enda litið

á þær sem kjaftasögur. Þorgeir kveðst aldrei hafa sett þessar sögur neitt í samhengi við Baug og aldrei haft neina ástæðu til að ætla að Baugur Group kæmi þessum bát nokkuð við.

Þorgeir er spurður hvort hann viti til þess að Baugur Group hf. hafi greitt afborganir eða rekstur báts í Flórída.

Þorgeir kveðst ekki vita til þess. Hann tekur það fram fyrir sína parta að hann hefði ekki fallist á slíkar greiðslur, hefði hann verið spurður að því. Hann tekur það fram að honum þyki það ekki samræmast tilgangi félagsins að eiga eða reka bát á Flórída.

Þorgeir er spurður hvort stjórn BG hf. hafi einhvern tímann, á einhvern hátt fjallað um umræddan bát eða báta í eigu Jóns Ásgeirs, Jóhannesar eða Jóns Geralds Sullenberger eða félaga sem þeir tengjast.

Þorgeir segir þennan bát aldrei hafa verið nefndan á stjórnarfundum félagsins fyrir lögreglurannsókin. Eftir að rannsókin hófst hafi stjórninni verið gerð grein fyrir því að þessi bátur kæmi Baugi Group hf ekkert við, heldur væri það Gaumur ehf sem ætti hlut í bátnum. Aðspurður kveðst Þorgeir ekki muna það nú hver upplýsti stjórnina um það.

Þorgeir er spurður hvort stjórn BG hf hafi verið kunnugt um, eða fjallað á einhvern hátt um greiðslur til Nordica Inc í Flórída í þeim tilgangi að taka þátt í tapi eða kostnaðarauka þess frá 1999.

Þorgeir kveðst ekki minnst þess. Hann segir fyrir sitt leyti þá hafi hann ekki verið settur inn í það. Eins og áður hafi komið fram þá kveðst Þorgeir ekki hafa vitað mikið af þessum viðskiptum við þennan birgja í Bandaríkjunum. Hann kveðst ekki muna betur að taldið hefði verið að þessi viðskipti væru hið besta mál og verið væri að gera hagstæð innkaup frá Bandaríkjunum í gegnum þennan birgja. Þorgeir kveðst því ekki hafa haft neina vitneskju um það að Baugur Group hefði tekið þátt í tapi eða kostnaðarauka Nordica Inc frá árinu 1999.

Þorgeir er spurður hvort stjórn BG hf hafi einhvern tímann, á einhvern hátt fjallað um greiðslur BG hf á reikningum frá Nordica Inc í Flórída.

Þorgeir segir svo ekki vera.

Þorgeiri er gerð grein fyrir því að Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. hafi frá árinu 1997 og fram á síðari hluta ársins 1999 greitt reglubundna reikninga frá Nordica Inc vegna reglulegra afborgana af lánnum og fasts rekstrarkostnaðar bátanna Viking I og Viking II en bátarnir voru skráð eign Jóns Geralds Sullenbergerar í Miami á Flórída. Frá áramótunum 1999/2000 hafi reikningar vegna þessa fasta kostnaðar við bátana fallið niður hjá Gaumi.

Á sama tíma hafi farið að berast reikningar einu sinni í mánuði frá Nordica Inc til Baugs aðalskrifstofu með textanum “Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work” fyrst að fjárhæð USD 8.000 en frá maí 2000 að fjárhæð USD 12.000. Þessir reikningar hafi verið samþykktir af Tryggva Jónssyni, greiddir og færðir á gjaldaliðinn “Tæknileg aðstoð án vsk”. Samtals hafa verið gjaldfærðir og greiddir slíkir reikningar að fjárhæð USD 328.808,80 eða u.þ.b. 30,4 milljónir IKR.

Að auki hafi, á tímabilinu apríl 1999 til ágúst 2002, borist reikningar frá Nordica Inc með mismunandi textum sem greiddir voru og gjaldfærðir voru hjá aðalskrifstofu BG hf á liðina “Ferðakostnaður erlendis” og “Ýmislegt án vsk” að fjárhæð USD að fjárhæð USD 377.501,10.

Samtals nema því gjaldfærslur hjá aðalskrifstofu BG hf vegna þessara reikninga frá Nordica USD 706.309,94.

Þorgeiri er tjáð að Jón Gerald Sullenberger hafi greint frá því að allir reikningarnir með textanum "Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work" séu framhald af mánaðarlegum reikningum sem hann sendi áður til Gaums vegna afborgana og rekstrar báts í eigu hans, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar en skráð eign New Viking í Miami á Flórída. Reikningarnir hafi verið orðaðir á þennan hátt skv. fyrirmælum Tryggva Jónssonar. Þessir reikningar eða greiðslur fyrir þá hafa að hluta til verið færðir í bókhaldi Nordica Inc, en einnig að hluta í bókhald New Viking Inc. Þorgeir er einnig tjáð að rannsóknarar RLS hafi staðreynt að greiðslur sem bárust frá BG hf vegna þessara reikninga hafi verið notaðar til þess að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking sem var/er skráð eign félagsins New Viking í Miami í Flórída en eigandi allra hlutabréfa sé Jón Gerald Sullenberger. Hins vegar liggja fyrir að Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson séu eigendur að stórum hluta þess báts.

Þorgeiri er tjáð að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi neitað því að nokkuð væri til í að þeir hefðu á ofangreindan hátt notað fjármuni BG hf til þess að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking heldur hafi verið gert samkomulag við Jón Gerald Sullenberger um að hann annaðist ýmis störf í þágu Baugs í Bandaríkjunum og fyrir það hafi Baugur greitt honum/Nordica skv. þessum reikningum. Hafi Nordica þannig verið styrkt þar sem um var að ræða birgja sem stjórnendur Baugs töldu vera mikilvægan.

Þorgeiri er einnig greint frá því að í yfirheyrslu sl. föstudag þann 28.02.2003 hafi Tryggvi Jónsson jatað að hann hafi vitað að þeir fjármunir sem Baugur greiddi fyrir þessa reikninga hafi verið notaðir til þess að greiða afborganir og rekstrarkostnað bátsins.

Þorgeiri er einnig tjáð að fyrir liggja talsvert af gögnum sem renni stoðum undir þann rökstudda grun að a.m.k. Tryggvi og Jón Ásgeir hafi notað aðstöðu sína hjá Baugi Group hf. til þess að láta félagið greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking að mestum hluta allt frá lokum ársins 1999 en Jón Ásgeir og Jóhannesi Jónssyni telji sig raunverulega eigendur bátsins að stórum hluta.

Þorgeir er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um eitthvað af því sem hér er nefnt.

Þorgeir segir svo ekki vera, það eina sem hann hafi vitað er þar sem hann hafi þegar skýrt frá.

Þorgeiri er tjáð að lagt hafi verið hald á tölvu Tryggva Jónssonar í starfsstöð hans í Baugi en einnig á ýmis skjöl sem vistuð voru á heimasvæði hans og annarra á netþjóni Baugs. Honum er kynnt samantekt rannsóknara, samtals 10 bls., á ýmsum tölvupóstum sem varpa ljósi á þau viðskipti sem honum hafi hér verið kynnt varðandi bátinn Thee Viking og hann spurður um – skjal málsins II/27.1. Þeir tölvupóstar og þau skjöl sem vísað er til liggja frammi.

Þorgeir er beðinn að gera grein fyrir þeim upplýsingum eða skýringum sem hún kann að hafa varðandi þessi skjöl.

Þorgeir kveðst ekki hafa neinar skýringar á þessum skjölum. Hann kveðst ekkert hafa vitað um þessi mál og hafi þetta verið alveg nýtt fyrir honum sem stjórnarmanni þegar rannsókn lögreglunnar hófst. Hann kveðst sjá það á lestri þessara gagna að þar sé ýmislegt sem styðji grunsemdir lögreglu.

Þorgeir er spurður hvort einhvern tímann hafi farið fram, af einhverju tilefni, umræður á meðal stjórnenda eða stjórnar Baugs Group hf. um vafasöm viðskipti eða viðskiptaleg samskipti Nordica/Jóns Gerald Sullenberger við Baug/undirfyrirtæki/Jón Ásgeir/Jóhannes/aðra stjórnendur Baugs.

Þorgeir segir það ekki hafa átt sér stað. Hann kveðst þó hafa spurt Tryggva út í þessi málefni á þessum nótum eftir að rannsóknin hófst, en engar umræður áttu sér stað innan stjórnar um vafasöm viðskipti Baugs Group hf við Nordica. Þorgeir segir sakkörningana hafa fullvissað stjórnina um það að ekkert saknæmt hafi átt sér stað í þessum viðskiptum við Nordica Inc.

Þorgeir er spurður hvort einhvern tímann hafi farið fram, af einhverju tilefni, hafi farið fram innri rannsókn eða úttekt af hálfu stjórnar Baugs Group hf. á samskiptum við Nordica Inc í Flórída eða Jón Gerald Sullenberger.


Þorgeir segir Hrein Loftsson, stjórnarformann Baugs Group hf, hafa fengið Stefán Hilmarsson, endurskoðanda félagsins til að gera úttekt á bókhaldi Baugs Group hf í byrjun árs 2001, gagngert til að kanna hvort félagið væri ekki með allt á hreinu í bókhaldinu. Þorgeir tekur það fram að það hafi ekki verið gert vegna tiltekinna grunsemda um að svo væri, bara til að stjórnin gæti fullvissað sig um að það væri allt á hreinu. Þorgeir segir Stefán Hilmarsson, endurskoðanda Baugs, hafi gefið stjórninni yfirlýsingu um að bókhaldið væri í lagi og því hafi ekkert meira verið fjallað um það. Þorgeir tekur það fram að Nordica Inc eða viðskiptin við Jón Gerald hafi ekki verið rædd neitt í sambandi við þessa athugun.

Þorgeir kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 13


Staðfest rétt eftir haft:

Skýrsluna skráði:


Þorgeir Baldursson


Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur yfirheyrsluna frá kl. 11:15,


Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn.